

✉ Re: Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014–2026.

Búið til	14.6.2023 13:16:00
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	14.6.2023 13:15:57
Tilheyrir	📁 202305-0005 - Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014–2026.

Efni

Re: Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014–2026.

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	14.6.2023 13:15:57	Staða	Innflutt
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42.3 Umsagnir um skipulagstillögur		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	bogi.kristinsson@hunathing.is, skipulagsfulltrui@hunathing.is
Bcc	Anna.Sveinsdottir@ni.is

Innihald

Góðan dag,

Tilvísun í eftirfarandi mál: 202305-0005, 202305-0007 og 202305-0008.

Vísað er í tölvubréf frá skipulagsfulltrúa Húnaþings, dags. 3. maí 2023, þar sem óskað er eftir umsögnum um þrjú tengd mál. Í fyrsta lagi breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 vegna breyttrar landnotkun við Lindarveg og á svæði sunnan og norðan við Eyri. Í öðru lagi deiliskipulagstillögu fyrir uppbyggingu við Lindarveg og í þriðja lagi deiliskipulagstillögu fyrir athafnasvæði við Búland.

Náttúrufræðistofnun gerir sameiginlega umsögn fyrir þessi þrjú mál.

Veitt var umsögn um skipulagslýsingu vegna aðalskipulagsbreytingarinnar þann 16. janúar 2023. Þar kom m.a. fram að ekki væri gerð athugasemd við skipulagða uppbyggingu við Lindarveg þar sem verndargildi gróðurfars á svæðinu væri lítið og það raskað. Það álit á enn við um bæði aðalskipulagsbreytinguna og deiliskipulagstillöguna fyrir svæðið.

Varðandi reitinn sunnan og norðan við Eyri er stefnt að því að minnka opið svæði og byggja á því. Er fyrst og fremst um ræktuð tún að ræða með lítið verndargildi en í umsögn sinni um skipulagslýsinuna benti Náttúrufræðistofnun á að leggja þyrfti mat í umhverfisskýrslu á áhrif breytingarinnar á fuglalíf þar sem

fuglar sæki gjarnan í ræktuð tún og einnig hvort uppbyggingin gæti haft áhrif á nálæg fjörusvæði. Þá var hvatt til þess að skoða tækifæri til endurheimtar votlendis. Náttúrufræðistofnun telur ekki ástæðu til að hafa sérstakar áhyggjur af áhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar á náttúru. Engu að síður má gagnrýna að lítil umfjöllun er um möguleg umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingarinnar í greinargerðinni og kafli um áhrifamat fremur rýr að mati Náttúrufræðistofnunar. Ekki var minnst á þau atriði sem Náttúrufræðistofnun hafði reifað í umsögn sinni um skipulagslýsinguna. Tækifæri eru til frekari umfjöllunar um þessa þætti í væntanlegri deiliskipulagvinnu fyrir nýja íbúabyggð á svæðinu.

Ekki eru gerðar sértækar athugasemdir við deiliskipulagstillögurnar tvær.

Með kveðju,

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. [www.ni.is \(http://www.ni.is/\)](http://www.ni.is)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Bogi Magnúsen Kristinsson" <bogi.kristinsson@hunathing.is>
To: "Skipulagsfulltrúi" <skipulagsfulltrui@hunathing.is>
CC:
Subject: Breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014–2026.
Date: 3.5.2023 11:53:24

Óskað er eftir umsögn vegna breytinga á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum þann 9. mars 2023 að auglýsa breytingu á aðalskipulagi 2014-2026 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2014-2026 þar sem breytt landnotkun, stækka reiti eða endurskilgreina landnotkun á nokkrum stöðum innan Hvammstanga.

Um er að ræða breytingu á íbúðarbyggð ÍB 9 við Lindarveg og hins vegar breytingar á íbúðarbyggð Í7 sunnan við Eyri og tilfærsla á landnotkunarreit AT3.

Skilgreining á svæði fyrir verslun og þjónustu við Lindarveg. Íbúðarsvæðið við Lindarveg er í uppbyggingu og eru þar risin nokkur íbúðarhús. Svæðið er skv. núgildandi skipulagi skilgreind sem svæði fyrir frístundabyggð en með þessari breytingu er verið að fella þá skilgreiningu niður. Svæðið sunnan og norðan við Eyri þar sem breytingin nær til, eru að mestu tún og beitarlönd og byggt hefur verið á öllum fjórum lóðunum á svæði ÍB7.

Frestur til að skila inn athugasemdu eða ábendingum rennur út **16. júní 2023**, og skal þeim skilað á netfangið skipulagsfulltrui@hunathing.is (mailto:skipulagsfulltrui@hunathing.is) Jeða með bréfaþósti stílað á skipulagsfulltrúa Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Meðfylgjandi eru skipulaguppdráttur og greinargerð dagsett 24. febrúar 2023. Gögn unnin af Landmótun ehf, Hamraborg 12 Kópavogi

Bogi Kristinsson Magnúsen
Skipulagsfulltrúi Húnaþings vestra,

Húnabyggðar og Skagabyggðar.

Kær kveðja

**Skipulagsfulltrúi Húnaþing vestra,
Húnabyggðar og Skagabyggðar.**

Bogi Kristinsson Magnusen

Hvammstangabraut 5

530 Hvammstanga

S: 455-2400